



Opinn fundur um Breiðamerkursand

Svæðisráð suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs boðar til kynningar- og hugarflugsfundar um framtíð Breiðamerkursands og Jökulsárlóns í Mánagarði, þriðjudaginn 2. júlí n.k., frá kl. 18:00-22:00. Boðið verður upp á súpu og kaffiveitingar meðan á fundi stendur.

Svæðisráð hefur undanfarna mánuði unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand og er fundurinn liður í þeirri vinnu. Á fundinum verður óskað eftir hugmyndum og ábendingum um framtíðarskipan mála á þessu nýja verndarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, auk þess sem fyrstu hugmyndir svæðisráðs um stjórnunar- og verndaráætlunina verða kynntar og teknar til umræðu. Þá verður greint frá tillögum að nýju deiliskipulagi fyrir þjónustusvæðið við Jökulsárlón sem svæðisráð hefur einnig látið vinna.

Breiðamerkursandur varð hluti af Vatnajökulsþjóðgarði við friðlýsingu svæðisins 25. júlí 2017. Friðlýsingin nær yfir u.þ.b. 2/3 hluta sandsins, samtals um 189 km² svæði, sem samanstendur af landareign jarðarinnar Fells í Suðursveit sem ríkið keypti í ársbyrjun 2017 og þjóðlendunum um miðbik sandsins (sjá kort). Sérstaða landsvæðisins er mjög mikil. Það er allt sterklega mótað af framgangi og hopun jökla og einkennist af sérstæðum jökulöldum. Landslagið er mikillfenglegt og óvenjulegt. Ein helsta náttúruperla svæðisins er Jökulsárlón, stærsta og þekktasta jadarlón á landinu. Breiðárlón er einnig allt innan þjóðgarðsmarka og Fjallsárlón að hluta. Sandurinn afmarkast til norðurs af Breiðamerkurjökli en



Mynd: Þorvarður Árnason

jökuljadarinn hefur notið vaxandi vinsælda á undanförunum árum vegna margvíslegra ævintýraferða, einkum þá jöklagöngur og íshellaskoðun. Búseta á Breiðamerkursandi lagðist endanlega af fyrir rúmri öld vegna framgangs jökla, en sauðfé frá nærliggjandi bæjum gengur þar til beitar.

Stjórnunar- og verndaráætlun er eitt meginstjórnæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnumótunar og ákvarðanatöku. Samkvæmt lögum er það á ábyrgð svæðisráða að koma með tillögum að stjórnunar- og verndaráætlunum. Gert er ráð fyrir að tillögur svæðisráðs verði lagðar fyrir stjórn þjóðgarðsins í upphafi næsta árs. Vinna við gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun er samráðsferli sem felur m.a. í sér viðtöl við hagaðila, rýnihópa, íbúa og kynningarfundir. Opni fundurinn í Mánagarði er liður í því samráðsferli. Á fundinum verður fyrst stuttlega gerð grein fyrir vinnuferlinu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana og undirbúningi svæðisráðs fram til



þessa, því næst verður þátttakendum skipti í vinnuhópa sem munu ræða hugmyndir um áherslur í verndun og nýtingu svæðisins og að lokum mun svæðisráð kynna fyrstu tillögur sínar að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand.

Þeir sem vilja taka þátt í fundinum

eru vinsamlegastar beðnir að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið arndis@nyheimar.is eða hringja í síma 662-8281. Skráningarfrestur er t.o.m. föstudagsins 28. júní n.k.

Það verður aldeilis líf og fjör á Höfn um Verslunarmannahelgina!



Nokkrir keppendur frá USÚ tóku þátt í bogfimi og stóðu sig vel.

Það hefur vonandi ekki farið framhjá neinum að í ár verður Unglingalandsmót UMFÍ haldið hér á Höfn um Verslunarmannahelgina, dagana 1.-4. ágúst. Unglingalandsmót er eitthvað sem margir hafa farið á en fyrir ykkur sem ekki þekki til þeirra eru þau frábær fjölskylduhátíð með dagskrá og afþreyingu fyrir alla aldurshópa. Það verður hægt að keppa í 21 grein á mótinu og hafa allir keppnisrétt sem eru á aldrinum 11-18 ára, en einnig er margt í boði fyrir 10 ára og yngri þannig að engum á að leiðast þessa helgi. Á heimasíðunni www.ulm.is er hægt að sjá alla dagsskrána og keppnisgreinar á mótinu. Bogfimi, kökuskreytingar, götuhjólreiðar, frísbíggjolf, skottfimi, stafsetning og strandhandbolti eru greinar sem margir eru ekki að æfa dagsdaglega en eru í boði fyrir alla að keppa í á mótinu. Síðan eru greinar eins og frjálssípróttir, körfubolti, fótbolti, sund, motocross, strandblak og fimleikalíf sem eru einnig í boði og geta allir skráð sig í þær. Á hverju kvöldi eru kvöldvökur þar sem fram koma þekktir listamenn og á daginn eru leikjatorg þar sem margt er í boði eins og fótboltapönnu, kubb, skallatennis, brennibolti og stultur ásamt mörgu öðru. Þetta er ekki tæmandi listi um það hvað verður í boði þannig að við hvetjum alla til að kíkja á dagsskrána á www.ulm.is.

Skráning hefst 1. júlí og þátttakendur frá USÚ þurfa ekki að greiða keppnisgjöld. Við vonumst til að sjá ykkur sem flest á Unglingalandsmótinu.

Lyfja á Höfn er opin á laugardegnum
29. júní á Húmarhátíð frá kl.11:00-15:00.

Gleðilega hátíð



MEISTARAFLOKKUR KARLA

FÖSTUDAGINN 28. JÚNÍ KL. 20:00

SINDRI - HÖTTUR/HUGINN

FRÍTT Á VÖLLINN Í BOÐI HÓTELS HAFNAR



MEISTARAFLOKKUR KVENNA

LAUGARDAGINN 29. JÚNÍ KL. 16:00

SINDRI - HAMRARNIR

FRÍTT Á VÖLLINN Í BOÐI ÞINGVAÐS EHF.



*FJÓLMENNUM Á VÖLLINN OG
STYÐJUM OKKAR MENN*

Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA

Prívíddargrafík,
umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband:
tjorvi@upplausn.is

eða í síma
848-3933.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir starfsfólki inn á deild

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólakabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara eða leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Einnig auglýsir leikskólinn eftir uppeldismenntuðum einstaklingi í stoðþjónustuna (sérkennslu)

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þjálfun og kennsla barna með frávik
- Vinna að einstaklingsnámskráargerð í samvinnu við yfirmann stoðþjónustu
- Vera í samstarfi við foreldra og starfsmenn

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun með sérþekkingu eða reynslu í sérkennslu eða önnur sambærileg uppeldismenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á atferlisþjálfun, tákni með tali eða öðrum óhefðbundnum tjáningaleiðum

Leikskólinn Sjónarhóll er sex deilda leikskóli sem er á Höfn í Hornafirði. Leikskólinn opnaði í nýju húsnæði í ágúst 2018. Skemmtileg vinna í boði fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa gaman af að vinna með börnum.

Laun eru greidd samkvæmt samningum launanefndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí næstkomandi

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólustjóra á netfangið marianna@hornafjordur.is.





#humarhátíð2019

27. júní – 30. júní

HUMARHÁTÍÐ 2019

Fimmtudagur 27. júní

- 17:00-18:15** Humarhátíðarjóna í Sporthöllinni
- 18:00-21:30** Hleinin opnar á Hóteltúninu
- 19:00-20:30** Brekkusöngur á Hóteltúninu
í boði Hótel Hafnar
- 20:00-22:00** Sindri - Höttur/Huginn mfl. karla á Sindravöllum, frítt á völlum
í boði Hótel Hafnar
- 21:00-00:00** Morðgáta á Cafe Tee með Leikfélagi Hornafjarðar, skráning í s. 823-4403

Opin vinnustofa hjá Hlyni Pálmasyni í Miklagarði alla helgina frá kl. **10:00-18:00**

Gamlabúð, Skreiðarskemman, Verbúðin í Miklagarði og sýningin "25 Myndfánar" í Miklagarði eftir Halldór Ásgeirsson opið alla helgina frá kl. **09:00-19:00**



HORNY STONES



Föstudagur 28. júní

- 09:00-15:00** Svavarssafn í Ráðhúsi opið
- 09:00** Sýningin "Hornfirski hesturinn" opnuð í Gömlubúð
- 13:00-15:00** Pylsuveisla við Húsasmiðjuna
í boði Húsasmiðjunnar
- 13:00-15:00** Opnun útibús Landsbankans á Hafnarbraut 36, kaffi og meðlæti
- 15:00** Fagnaður vegna hönnunar nýs hjúkrunarheimils í Skjólgarði
- 18:00-20:00** Humarsúpa um allan bæ, sjá kort
í boði Skinneyjar-Pinganes og Nettó
- 18:00-20:00** Lúðrasveitin á ferðinni um bæinn
- 20:00** Skrúðganga frá Hóteltúninu
- 20:00** Matargata og sölubásar opna
- 20:30-23:00** HVAÐ svæðið opið; leikur, sköpun og hvatning.
- 20:30** Dagskrá hefst á hátíðarsviði
Humarhátíð sett
Stakir Jakar
Vox Vivo
Þórdís Imsland
Jónas Sig
- 23:00-01:00** Horny Stones spila í hátíðartjaldinu
- 23:00-01:00** Dansleikur að hætti Karlaársins Jökuls í Sindrabæ.
- 00:00-03:00** Biggi trúbador spilar á Hafinu

Gleðilega Humarhátíð



Laugardagur 29. júní

- 09:00-12:00** Opna Skinneyjar-Þinganes golfmót á Silfurnesvelli
- 10:00-11:30** Söguganga um Höfn **í boði Huldu Laxdal**, mæting við Gömlubúð
- 10:00-12:00** Frítt í sund **í boði Sundlaugar Hafnar**
- 10:00** Heimsmeistaramót í Hornafjarðarmanna í íþróttahúsinu
- 11:00-15:00** Humarhátíðaropnun í Lyfju
- 13:00-16:00** Síðasti opnunardagur í Verslun Dóru - 70% afsláttur
- 13:00** Matargata og sölubásar opna
- 13:00-14:00** Kassabílarallý Landsbankans við útibú Landsbankans
- 13:00-17:00** **Leiksvæði á hátíðarsvæði opin**
HVAÐ svæðið; leikur, sköpun og hvatning.
Vatnsrennibraut **í boði Ungmennaráðs**.
Boltafjör og NERF stríð **í boði Humarhátíðarnefndar**.
Þrautabraut, fótboltaþila og hoppukastali fyrir þau allra yngstu **í boði Skinneyjar-Þinganes**
- 13:30-17:00** **Dagskrá hefst á hátíðarsviði**
Söngvakeppni barnanna **í boði N1**
Karlakórinn Jökull
Guggurnar
Subminimal
Bragi Þorsteinsson, harmonikkuleikari
Spaghattíbandið
- 14:00-16:00** Valkyrja og Víkingur Hornafjarðar, aflraunakeppni á hátíðarsvæði
- 14:00** Streetballmót á vegum
- 14:00** Körfuknattleiksdeildar Sindra
- 14:00** Sýning Siggú Bjargar Sigurðardóttur, "Argintætur í myndlist" á Ottó
- 14:30-15:30** Andlitsmálun fyrir börn í hátíðartjaldi
- 15:00-17:00** Listasmiðja barna í Svavarssafni
- 16:00-18:00** Sindri - Hamrarnir mfl. kvenna á Sindravöllum **í boði Þingvaðs**
- 16:40-17:00** Barnadiskó í hátíðartjaldinu
- 17:00-17:45** Leikhópurinn Flækja sýnir barnaleikritið "Það og hvað" í hátíðartjaldinu **í boði Pakkhússins**
- 17:00-19:00** Opnun "Ferð til eldjöklanna" / Halldór Ásgeirsson í Miklagarði
- 18:00-20:00** Pallapartý um allan bæ, sjá kort
- 20:00** Matargata og sölubásar opna

20:00-23:00 Leiksvæði á hátíðarsvæði opin

HVAÐ svæðið; leikur, sköpun og hvatning.

Boltafjör og NERF stríð

20:00-23:00 Dagskrá hefst á hátíðarsviði

Kvennakór Hornafjarðar

Verðlaunaafhending: Söngvakeppni, best skreytta húsið og best skreytta hverfið

Már Gunnarsson og Guðjón Steinn Dagmar Lilja

Sædís og Salóme

Kúkú camp contraband

Undur með Glófaxes lögin

23:00-01:00 Hljómsveit Hauks Þorvalds í hátíðartjaldinu

00:00-04:00 Stórdansleikur í íþróttahúsinu með hljómsveit Tomma Tomm ásamt Eyþóri Inga, Matta Matt og Þórdísi Imsland

Sýningar á laugardag og sunnudag frá kl. 13:00–17:00

Bókasafn: "Þetta vilja börnin sjá"

Nýheimar: "Frá mótun til muna" og sýning á tillögum hönnunar samkeppni nýs hjúkrunarheimilis

Svavarssafn: "Orkuhreyfing"



Söngvakeppni barna og unglunga
laugardaginn 29. júní í boði N1



HM í HM

verður í **íþróttahúsinu**
laugardaginn 29. júní kl. 10:00

Þátttökugjald 1000 kr.

Grunn- og framhaldsskólanemar fá frítt

Knattspyrnudeild Sindra

Sunnudagur 30. júní

- 9:00-19:00** "Ferð til eldjöklanna"/ Halldór Ásgeirsson við Miklagarð
- 10:00-12:00** Frítt í sund **í boði Sundlaugar Hafnar**
- 11:00-12:00** Bryggjujoga **í boði Huldu Laxdal** á Óslandsbryggju
- 13:00-14:00** Leirsmiðja barnanna í Nýheimum
- 13:00** Leiðsögn listamanna um sýninguna "Frá mótun til muna" ásamt viðhafnarsýningu á heimildarmynd um verkefnið

Boltafjör og Nerf stríð

laugardag 29. júní
kl. 13-17 í boði Humarhátíðarnefndar
og frá kl. 20-23 verð: 1000 kr.



EIMSKIP
Flytjandi


Þingvað ehf
byggingaverktakar

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Kassabílarall Landsbankans



HUMARHÁTÍÐAR DANSLEIKUR




SÉRSTAKUR GESTUR
**PÓRÐIS
IMSLAND**

MATTI MATT
EYÞÓR INGI
TOMMI TOMMI & HLJÓMSVEIT

ÍÞRÓTTAHÚSINU HÖFN LAUGARDAGINN 29. JÚNÍ 2019

FORSALA Í SUNDLAUG HORNAFJARÐAR - HEFST FIMMTUD. 27. JÚNÍ KL. 13:00 - MIÐAVERÐ Í FORSÖLU KR. 3.000 - VÍÐ HURÐ KR. 3.900

Humarsúpur & pallapartý



Humarsúpa

Föstudagur

- ① Álaleira 14b
- ② Hafnarbraut 41
- ③ Sandbakki 19
- ④ Vogabraut
- ⑤ Hæðagarður 6
Nesjum
- ⑥ Hafnarbraut 47

Pallapartý


Laugardagur

- ⑦ Ránarslóð 12
- ⑧ Silfurbraut botnlangi

● Hátíðarsvæði



Sérstakar þakkir til allra sem lögðu til heimili sín og garða fyrir humarsúpu og pallapartý



SJÁUMST Á HÁTÍÐARSVÆÐINU UM HELGINA



OKKAR HÁTÍÐAR HUMARSÚPA
OLSENLOKUR & KÚLUÍS

Kynning á hönnunarsamkeppni um nýtt hjúkrunarheimili á Höfn

Fimmtudaginn 20. júní voru úrslit í hönnunarsamkeppni um nýtt hjúkrunarheimili á Höfn kynnt.

Alls bárust sautján tillögur og voru þær allar metnar, þrjár tillögur hlutu viðurkenningu, en sú tillaga sem hlaut 1. verðlaun er tillaga nr. 13 frá BASALT arkitektar og EFLA verkfræðiskrifstofa.

Tillagan er byggð á Eden hugmyndafræðinni með áherslu á lífsgæði og vellíðan íbúa. Byggingin lágmarkar skuggamyndun hógværd er sýnd með tilliti til umhverfis og aðlögunar að núverandi arkitektúr. Byggingin er öll á einni hæð þar sem núverandi húsnæði er breytt í 10 manna einingu ásamt stoðrymi fyrir þjónustu. Í viðbyggingu eru tvær 10 manna einingar sem mótaðar eru umhverfis sameiginlegan inngarð. Að garðinum liggja sameiginleg rými með góða yfirsýn. Á milli starfsmannarýma deildanna eru sjónræn tengsl þvert yfir garðinn. Borðstofur eininganna liggja að inngarðinum á meðan setustofurnar teygja sig



út í umhverfið og mynda þannig ás sem gefur sýn út á fjörðinn.

Í samkeppnislýsingunni var lögð áhersla á að tillögur tækju m.a. mið af einstakri náttúrufegurð í umhverfi nýja hjúkrunarheimilis og kom það glöggt fram í innsendum tillögum.

Tillagan uppfyllir flest þau markmið sem dómnefnd leggur upp með. Innra skipulag gerir það að verkum að nýting starfsfólks verður með besta móti með góðri yfirsýn yfir heimilið. Herbergi íbúa eru haganlega

útfærð og öll eru þau með hurð út á einkaverönd og þar er gætt jafnræðis í nýbyggingu og eldri byggingu. Góð sjónræn tengsl eru á milli eininga í gegnum garð með útsýni út í fjörð og einnig í átt að bæjarlífinu. Garður í miðju nýbyggingar býður upp á möguleika til frjálsrar útivistar íbúa og eykur þannig möguleika á örvun skynfæra. Staðsetning sjúkrarýma er vel leyst á þann hátt að góð tengsl eru við starfsmannaáðstöðu og hægt er að samnýta starfsfólk

sem eykur rekstrarhagkvæmni heimilisins. Tillöguhöfundar hafa aðalinngang við kapellu sem virðist helst til þröngur en gæti vel nýst sem inngangur að kapellu. Staðsetning starfsmannainngangs er æskilegri sem aðalinngangur. Stefnt er að útboð á verklegum framkvæmdum verði auglýst í byrjun árs 2020 og heimilið verði tekið í notkun 2021

Úrgangur í auðlind



Vinningshafarnir

Eins manns rusl er annars fjársjóður – það sem skilur að er hugmyndaauðgi þess sem á efninu heldur.

Laugardaginn 15. júní var tilkynnt um úrslit keppinnar Úrgangur í auðlind, sem haldin var á vegum Umhverfis Suðurland í samstarfi við hátíðina „Blóm í bæ“ í Hveragerði og Listasafn Árnesinga.

Í keppnina bárust 14 ólíkar en virkilega áhugaverðar tillögur af öllum toga; listaverk og

hönnunarvörur og hugvitsamar lausnir tengdar umhverfismálum á einn eða annan hátt. Allar áttu þær það þó sameiginlegt að leita leiða til þess að endurnýta hráefni sem annars væri hent. Í framhaldinu fékk svo dómnefndin það flókna verkefni að velja einhverja úr hópnum til þess að þiggja verðlaun – enda er það eðli keppna.

Niðurstaðan varð á endanum sú að verðlauna þrjá þátttakendur fyrir sitt framlag.

„Sprotinn“ var veittur Sigrúnu Ó. Sigurðardóttur fyrir verk sín „Unnið úr afgangum“ þar sem hún leitast við að skapa bæði list og nytja hluti úr alls kyns afgangum. Í verkum hennar má finna sprengikraft tjáningar sem áhugavert verður að sjá hvernig hún muni þróa áfram.

„Samfélagsverðlaunin“ voru veitt Merði G. Ottesen fyrir Þróunarverkefnið Töfrastaði en félagið hefur staðið að námskeiðum í vistrækt og samfélagsuppbyggingu með áherslu á nýtingu auðlinda og hönnun þar sem siðferði er haft að leiðarljósi.

„Umhverfisverðlaunin“, sem jafnframt voru aðal verðlaun keppinnar hlaut Ragnar K. Gestsson fyrir verkefnið Orðaskjöldur en þar er komin

hugvitsöm leið til þess að endurnýta og græða upp, hvortveggja til góðs fyrir umhverfið. Hugmyndin gengur út á að útbúa úr einföldum pappamassa hlífðarskjöld fyrir plöntur, sem settur er í kring um þær við gróðursetningu. Skjöldurinn kemur í veg fyrir að plantan kafni í illgresi en er jafnframt góð leið til þess að endurnýta þann pappír sem til fellur. Aðferðin er það einföld að hver sem hefur áhuga á skógrækt getur nýtt sér hana við verkið. Að lokum vilja aðstandendur keppinnar þakka öllum þeim sem sendu inn tillögur og hvetur þá til þess að halda áfram að vinna að grænum og umhverfisvænum verkefnum.



Þorgeirslundur



Lionsklúbbur Hornafjarðar hefur undanfarnar vikur unnið að uppsetningu söguskilta í Þorgeirslundi þar sem hægt er að fræðast um tilurð lundsins og þá áhugaverðu sögu sem þar er, eins og Braggahverfið og hlutverk staðarins í seinni heimstyrjöldinni. Einnig hafa þeir sett upp bekki og borð með það að markmiði að þarna geti orðið góður og fjölskylduvænn fólkvangur fyrir Hornfirðinga að njóta. Stefnt er að frekari uppbyggingu á svæðinu, útigrill og fleiri borð og bekki og jafnvel útsýnisskífu upp á hólnum þar sem sést vel til fjalla. Búið er að útbúa bílastæði sunnan við lundinn og er ætlast til fólk gangi þeim megin inn í garðinn og auðvelt er að hjóla með alla fjölskylduna í lundinn. Þetta er frábært framtak hjá Lionsklúbbnum og er það þeirra von að Hornfirðingar taki breytingum á Þorgeirslundi vel og nýti sér það sem hann hefur upp á að bjóða.



KENNARANÁM Í KUNDALINI JÓGA Kynning á náminu miðvikudaginn 3. júlí kl 17.30 á HÖFN



Kynningin verður á Ottó, Hafnarbraut 2, Höfn.

Kennaranám í Kundalini jóga er ferðalag sem veitir þér nýja sýn á sjálfa-n þig og lífið. Hvort sem þú hefur áhuga á að dýpka þína eigin upplifun og skilning á Kundalini jóga eða vilt öðlast jógakennararéttindi.
Kundalini jóga er fyrir alla!

Nánari upplýsingar:

Guðrún s: 896 2396 - Ásta Margrét s: 663 5182
www.andartak.is - andartak@andartak.is



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Á leikskólann Lambhaga í Öræfum vantar leikskólakennara eða leiðbeinanda til starfa í stöðu deildarstjóra.
Húsnæði á staðnum

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að skipuleggja og vinna að uppeldi og menntun leikskólakennara samkvæmt starfslýsingu.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun æskileg.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Leikskólinn Lambhagi er lítill sveitaskóli samrekin með Grunnskólanum í Hofgarði. Þar dvelja að jafnaði um 6-8 börn á aldrinum eins til fimm ára. Í starfinu er lagt upp úr góðum samskiptum í samræmi við uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar, einnig er áhersla á að nýta náttúruna í nánasta umhverfi skólans.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst, annars eftir samkomulagi. Skemmtileg vinna í boði fyrir einstaklinga sem hafa gaman af því að vinna með börnum.

Laun eru greidd samkvæmt samningum launaneftdar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí næstkomandi.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Brynju Kristjánsdóttur skólastjóra á netfangið brynjahof@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Slökkviliðsstjóri Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir starf slökkviliðsstjóra laust til umsóknar. Um framtíðarstarf er að ræða og slökkviliðsstjóri starfar í hlutastarfi.

Starfslýsing:

- Dagleg stjórn slökkviliðs.
- Stjórn slökkvistarfa við eldsvoða og stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi.
- Umsjón og skipulag með fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun og önnur starfsmannamál.

Hæfni- og menntunarkröfur:

- Æskilegt er að viðkomandi hafi iðnmenntun og aukin ökuréttindi.
- Að viðkomandi hafi reynslu af slökkvistörfum og hafi lokið starfstengdum námskeiðum.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi og góð færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 22. júlí 2019.

Laun samkvæmt kjarasamningum launaneftdar sveitarfélaga við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Frekari upplýsingar veitir Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri í síma 470 8000 eða matthildur@hornafjordur.is.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is